

Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um raforku til garðyrkjubænda.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hvernig miðar áætlunum um sérstakan garðyrkjutaxta á raforku til framleiðenda grænmetis?
2. Stendur til að skilgreina garðyrkjubændur sem stórnotendur á raforku til að jafna stöðu þeirra á við aðra stórnotendur raforku og leiðréttu verð á raforku til þeirra?
3. Liggur fyrir hve háa upphæð það sparar þjóðarbúinu að framleiða allt árið grænmeti til innanlandsneyslu í stað þess að flytja það inn?